

66. kirkjuþing 2024 - 2025

29. mál – þskj. 29

T I L L A G A

að starfsreglum um breyting á starfsreglum um kjör til kirkjuþings nr. 8/2021-2022.

Flm. Guðni Már Harðarson, Bryndís Malla Elíadóttir, Margrét Eggertsdóttir.

1. gr.

Eftirfarandi mgr. bætist við 5. gr. starfsreglnanna:

Kirkjuþingsfulltrúi getur að hámarki setið þrjú kjörtímabil samfelld sem aðalmaður.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Kirkjuþing hefur á undanförunum árum samþykkt veigamiklar breytingar á stjórnskipan kirkjunnar. Kirkjuþing fer samkvæmt lögum með æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar þar með talið fjárfjárvald. Í ljósi þess mikla valds sem kirkjuþing hefur telur flutningsfólk rétt að kirkjuþing setji hámarkstíma á kjörgengi til kirkjuþings. Lagt er til að kirkjuþingsfulltrúar sitji ekki lengur en þrjú kjörtímabil samfelld sem aðalmenn. Með því er tryggt að eðlileg endurnýjun verði með reglubundnum hætti á þinginu sem stuðlar að heilbrigðri valddreifingu. Tillagan leggur einnig grunn að því að kirkjufólk sem hefur ákveðna sýn fyrir kirkjuna og brennur fyrir málefnum hennar komi hugsjónum sínum á framfæri innan ákveðins tíma. Minnt er á að biskupar eru kjörnir til sex ára í senn og rætt hefur verið um að setja hámarkstíma á kjörtímabil biskupa. Flutningsfólk telur að með samþykkt þessarar tillögu sé kirkjuþing að ganga á undan með góðu fordæmi og hvetji um leið til þess að fleiri komi að störfum og ákvörðunum kirkjuþings.

Tillagan felur ekki í sér kostnað.